

Nr. 122 / 10 Sæfari**Tók niðri á Breiðafirði og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 6897
Smíðaður: Vogar 1983, plast
Stærð: 8,9 brl. 8,4 bt.
Mesta lengd: 9,72 m Skráð lengd: 9,7 m
Breidd: 2,88 m Dýpt: 1,69 m
Vél: Volvo Penta 159 kW, 2005
Fjöldi skipverja: 1
Fjöldi farþega: 6



Gögn:
Gögn RNS

Sæfari©Útgerð

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 18. febrúar 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 10. september 2010 var farþegabáturinn Sæfari í útsýnisferð við Suðureyjar á Breiðafirði. Veður: Hægviðri.

Þegar báturinn var staddur við Hrappsey tók hann niðri með þeim afleiðingum að skrúfur skemmdust og ákoma kom á hælsaða. Bátsverjinn óskaði eftir aðstoð og farþegaskipið Særún dró bátinn til hafnar.

Við rannsókn kom fram:

- að báturinn var á reki og taldi stjórnandi hans að straumur hefði borið hann á grunnsævi þar sem hann tók niðri. Þegar báturinn tók niðri kvaðst stjórnandi hans hafa gert þau mistök að kúpla inn skrúfum en við það lentu þær í botni og skemmdust.

Nefndarálit:

Orsök þess að báturinn tók niðri var óaðgæsla stjórnandans.